

Veikindadagar

Hlynur Niels Grímsson

Bókaútgáfan Sæmundur, Selfossi, 2019

Prentuð í Þýskalandi

74 bls



Fyrsta bók Hlyns, *Krabbaveislan*, kom út 2015, og hlaut góðar viðtökur. Þar var hið svokallaða heilbrigðiskerfi í forgrunni og rauði þráðurinn var læknisstarfið. Háðið einkenndi framsetninguna og efnistökin umfram annað, höfundurinn beindi spjótum sínum að þeim sem stýra og stjórna og drotna.

Það er allt annar bragur á þessari bók sem hér er til umfjöllunar og kom út fyrir jólin, *Veikindadagar*. Hlynur byrjar bókina á því að kalla til Lúkas sem segir í klassísku guðspjalli sínu: Sannlega segi ég yður, engum spámanni er vel tekið í landi sínu. Hlynur er ef til vill að biðja sér griða og jafnframt er tengingin við Biblíutexta og trú mjög sterk: upprisutímar, frelsun, upp upp mín sál, verði ljós.

Hér eru ljóð undir titlum sem tengjast læknisstarfinu og vettvangur þeirra er spítalinn, og svo ótitlaðir prósatextar sem eru áberandi nærgöngulir, fara undir húðina. Það er bæði fegurð og óhugnaður sem fylgir ljóðum sem eiga rætur á sjúkrahúsi, sorg og gleði, líf og dauði. Þyngdin er líka meiri á þessum pestartímum sem nú eru

þegar allur almenningur er bæði búinn að upplifa ógnarhræðslu og fá mjög myndræna innsýn inn í völuandrátt heilbrigðisþjónustunnar þar sem góðu kraftaverkin gerast og þar sem endimörk lífsins eru.

Þetta gildir um ljóðin Nocturne, Helgispjöll og Aðfaranótt sunnudags til dæmis þar sem vísanir í Biblíuna og ævintýrið um Þyrnirós gera alvöruna um sturlaða fíkn og neyslu ungmenna alveg blýþunga.

Önnur ljóð veita töfrandi sýn á náttúruna, - og góða tilfinningu fyrir hraða, lykt, birtu og stemningu. Undurfagur prósi um veiðimennsku á heiðum uppi. Svipuð tilfinning og á spítalanum, bæði líf og dauði, - ægífegurð í fugli og fiski og vötnum, en líka dulinn óhugnaður, seiður, hulin hönd, álög, forneskja. Undiraldan er þung og ágeng en samt mild.

Bókin er vönduð að allri gerð og smekklega frá henni gengið. Innihaldið hefur kostað fórnir og yfirlegu höfundarins sem uppsker ríkulega. Lesandinn fær vandaðan prósa og ljóð með mikið erindi sem talar til manns.

-VS

Menjar

Tóftirnar vaxnar brennijurt sem fyrr

Engin kargahýfð eins og áður

Í höndum þér ófrjó moldin

Farðu burt, vinur

Hér er ekki enn gróid um heilt



Xarelto 15 mg og 20 mg filmuhúðaðar töflur – Skyldutexti

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Tilkynna skal Lyfjastofnun um **allar** aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. **Virkt efni:** Rivaroxaban. **Ábendingar:** Fyrirbyggjandi meðferð gegn heillaslagi og segareki hjá fullorðnum sjúklingum með gáttatíf án lokusjúkdóms og einn eða fleiri áhættuþætti, svo sem hjartabilun, háþrýsting, aldur ≥ 75 ára, sykursýki, sögu um heillaslag eða skammvinnnt blóðþurrðarkast. Meðferð við segamyndun í djúplægum bláæðum og segareki í lungum og til að fyrirbyggja endurtekna segamyndun í djúplægum bláæðum og segareki í lungum hjá fullorðnum. **Frábendingar:** •Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. •Virkt blæðing sem hefur klíniska þýðingu. •Áverki eða ástand þar sem talið er að hætta geti verið á mikilli blæðingu. Um getur verið að ræða sár sem er eða hefur nýlega verið í meltingarvegi, illkynja æxli þar sem mikil hætta er á blæðingu, nýlegan áverka á heila eða mænu, nýlega aðgerð á heila, mænu eða auga, nýlega innankúpublæðingu, þekkt aðahnúta í vélinda eða grun um slíkt, missmíði slag- og bláædatenginga, æðagúlp, eða mjög afbrigðilegar æðar í mænu eða heila. •Samhliða meðferð með öðrum segavarnarlyfjum, t.d. ósundurgreindu (unfractionated) heparíni, léttu (low molecular weight) heparíni (enoxaparin, dalteparin o.s.frv.), heparín afleiðum (t.d. fondaparinux), segavarnarlyfjum til inntöku (warfarín, dabigatran etexilat, apixaban o.s.frv.), nema við þær sérstöku aðstæður að verið sé að skipta um blóðþynnningarméðferð eða ef ósundurgreint heparín er gefið í skömmtum sem duga til að viðhalda opnum æðalegg í miðlægri bláæð eða slagæð. •Lifrarsjúkdómur með blóðstorkutruflunum og blæðingarhættu sem hefur klíniska þýðingu þar með talið hjá sjúklingum með skorpulífur af flokki Child Pugh B og C. •Meðganga og brjóstgjöf. **Markaðsleyfishafi:** Bayer AG. **Heimild:** Unnið í mars 2020 úr Samantekt á eiginleikum lyfs (nóvember 2019). **Nálgast má upplýsingar um lyfið og samantekt á eiginleikum þess, fylgiseðil, verð og greiðsluþáttöku á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is. Vinsamlegast kynnið ykkur fræðsluefni ætlað læknum og sjúklingum áður en meðferð lyfsins hefst. Afhenda skal öllum sjúklingum öryggiskort áður en meðferð er hafin.** Vinsamlegast hafið samband við umboðsaðila lyfsins (Icepharma hf.) í síma 540 8000 ef óskað er eftir fræðsluefni fyrir lyfið.

BAY200301